

Rýnihópur skipaður til að fjalla um hlutverk og umgjörð háskóla, vísinda og nýsköpunar á Íslandi

Menntamálaráðherra hefur skipað rýnihóp til að fjalla um hlutverk og umgjörð háskóla, vísinda og nýsköpunar á Íslandi. Tilfnið er breyttar aðstæður í atvinnu- og efnahagsmálum og þörf fyrir heildræna stefnu í málaflokknum.

Markmið hópsins eru:

- Að ræða um hvaða skipan og starfshættir henta best til að háskóla- og vísindasamfélagið nái að sinna margþættum tilgangi sínum.
- Að taka afstöðu til fyrirbyggjandi tillagna í nýttkomnum skýrslum menntamálaráðuneytis um málaflokkinn.
- Að þróa vegvísi fyrir ráðherra um hlutverk og umgjörð háskóla, vísinda og nýsköpunar á Íslandi.

Í verkefnisstjórninni eiga sæti Guðmundur Heiðar Frímansson, Einar Steingrímsson, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Þórdís Ingadóttir, Þórólfur Þórlindsson, Áslaug Helgadóttir, Guðrún Nordal, Magnús Karl Magnússon, Viðar Hreinsson, Jón Torfi Jónasson, Páll Skúlason, Jón Ólafsson, Inga Þórsdóttir, Una Þorleifsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir sem er formaður hópsins.

Hópnum er ætlað að bera undir ráðherra fyrstu hugmyndir að aðgerðaáætlun þann 1. júlí og vinna svo áfram út frá áliti og tillögum ráðherra að lokaskýrslu sem ber að skila þann 15. ágúst.

Menntamálaráðherra afhenti foreldraverðlaun Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra



Katrín Jakobsdóttir ásamt verðlaunahöfum ogaðstandendum verðlaunanna

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti foreldraverðlaun Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra þann 4. júní, við athöfn í Þjóðmenningarhúsi við Hverfisgötu.

Handhafar Foreldraverðlaunanna 2009 eru eftirtaldir:

- [Grunnskólinn á Blönduósi](#) og Fræðsluskrifstofa A- Húnavatnssýslu hljóta Foreldraverðlaunin 2009 fyrir verkefnið Tökum saman höndum.

Markmið verkefnisins er að bæta líðan og námsárangur nemenda í unglingadeild grunnskólans á Blönduósi.

Auk foreldraverðlaunanna sjálfra voru veitt hvatningarverðlaun og dugnaðarforkaverðlaun.

Hvatningarverðlaun hlaut samstarfsverkefni [Kópavogsskóla](#) og Gjábakka. Markmið verkefnis er að brúa bilið á milli kynslóða.

Dugnaðarforkur er [Björg Þorvaldsdóttir](#) deildarstjóri sérkennslu við Nesskóla.

38 tilnefningar bárust til verðlaunanna að þessu sinni og voru 34 verkefni tilnefnd. Nánari upplýsingar á [vef Heimilis og skóla](#).

Framfærslustyrkir til íslenskra námsmanna á Norðurlöndum

Menntamálaráðherrar og samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu nýlega að veita hluta af ráðstöfunarfé Norrænu ráðherranefndarinnar til að styrkja unga, íslenska námsmenn til dvalar á hinum Norðurlöndunum og létta þeim róðurinn vegna áfalla sem stafa af fjármálakreppunni og atvinnuleysi sem henni fylgir. Til ráðstöfunar eru 5,5 milljónir danskar krónur á árinu 2009 og sama upphæð á árinu 2010. Menntamálaráðuneytinu var falið að móta reglur um það hvernig þessum fjármunum verði varið.

Menntamálaráðherra hefur látið kanna þörfina fyrir stuðning sem fallið getur undir þau skilyrði sem ráðherranefndirnar setja og nú ákveðið að verja þessu fé með tvennum hætti. Nánari upplýsingar má nálgast á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Jafnréttisráðgjafi menntamálaráðuneytis

Menntamálaráðuneytið hefur ráðið Jónu Pálsdóttur sem jafnréttisráðgjafa í 50% starf til að fylgja eftir ákvæðum [23. gr. laga nr. 10/2008](#) um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og veita ráðgjöf í jafnréttismálum, meðal annars um sértækar aðgerðir sem stuðla að jöfnum rétti kynjanna.

Hlutverk jafnréttisráðgjafa er meðal annars að stuðla að því að jafnréttis sé gætt í leik-, grunn- og framhaldsskólum ásamt íþrótt- og æskulýðsstarfi og við stefnumótun í menntakerfinu. Jafnréttisráðgjafi svarar fyrirspurnum sem berast ráðuneytinu um jafnréttismál og mun miðla upplýsingum sem berast um þróun jafnréttismála í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi á vef menntamálaráðuneytis.

Skipað í embætti skólameistara við Fjölbautaskólann í Breiðholti

Fimmtán umsóknir bárust um embætti skólameistara [Fjölbautaskólans í Breiðholti](#). Menntamálaráðherra hefur að fenginni umsögn skólaneftndar skipað Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur í embætti skólameistara skólans til fimm ára frá 1. ágúst 2009 að telja.

Skipað í embætti skólameistara við Framhaldsskólann á Húsavík

Fjórar umsóknir bárust um embætti skólameistara [Framhaldsskólans á Húsavík](#). Menntamálaráðherra hefur að fenginni umsögn skólaneftndar skipað Laufeyju Petreu Magnúsdóttur í embætti skólameistara skólans til fimm ára frá 1. júní 2009 að telja.

